

Afkomutilkynning 1H 2016

29. ágúst 2016

Kvika banki hf.

Á stjórnarfundum þann 29. ágúst 2016, samþykkti stjórn og forstjóri árs hlutareikning samstæðu Kvika banka hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 30. júní 2016.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri Kviku:

„Ánægjulegt er að kynna uppgjör Kviku fyrir fyrri hluta árs 2016. Kvika hefur náð þeim rekstrarlegu markmiðum sem sett voru við sameiningu Straums fjárfestingabanka og MP banka. Að baki er vel heppnaður samruni sem grundvallaðist á virðingu og samvirkni þeirra sem að honum komu. Afkoma Kviku er góð og í samræmi við áætlanir, eftir aðeins eitt ár í rekstri. Fjárhagslegur styrkur bankans er mikill. Við byggjum á þeim grunni og nýtum þekkingu og færni starfsfólks Kviku til að sækja fram.

Það er ánægjulegt að Ísland verði á ný hluti af alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Kvika er tilbúin fyrir þær breytingar, enda hefur bankinn verið með umsvifamikla erlenda fjárfestingaþjónustu fyrir viðskiptavinum sína undanfarin ár. Þegar vel er að verkum staðið og hugsað er til lengri tíma, er ekki hægt annað en að horfa jákvætt til morgundagsins.“

Góð afkoma í takt við áætlanir

Hagnaður Kviku fyrstu sex mánuði ársins 2016 nam 378 milljónum króna. Arðsemi eiginfjár var 12,3%. Hreinar rekstrartekjur námu 2.164 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.535 milljónir króna á seinni helmingi 2015. Þóknatekjur lækka nokkuð milli tímabila sem skýrist einkum af árstíðabundnum sveiflum í tilteknum tekjuliðum.

Rekstrarkostnaður nam 1.668 milljónum króna á fyrri hluta árs 2016. Rekstrarkostnaður lækkaði í takt við áætlun um 13% frá seinni helmingi árs 2015 að teknu tilliti til samrunakostnaðar á fyrra tímabili.

Í lok júní 2016 námu heildareignir samstæðu Kviku 77.825 milljónum króna samanborið við 61.614 milljónir króna í árslok 2015 og nemur hækkunin 26% á tímabilinu. Útlán til viðskiptavina námu 23 milljörðum króna í lok júní 2016. Almenn innlán og peningamarkaðsinnlán jukust verulega um rúma 14 milljarða króna, eða 30%, á árinu. Á sama tíma hefur bankinn bætt kjör sín á fjármagnsmarkaði.

Eiginfjárlutfall í lok júní var 18,0% samanborið við 23,5% í árslok 2015. Lækkunin er í samræmi við áætlun og skýrist að miklu leyti af lækkun hlutfjár sem samþykkt var á hlutahafafundi fyrr á árinu. Lausafjárstaða bankans er sterk, LCR 211%, og bankinn er vel í stakk búinn til þess að takast á við mögulegt fjárútlæði í kjölfar afnáms fjármagnshafta.

Það helsta úr starfsemi bankans

- Kvika er fremst í flokki íslenskra banka og fjármálafyrirtækja á sviði eignastýringar árið 2016, að mati breska fjármálatímaritsins World Finance. Tímaritið útnefndi árlega fyrirtæki fyrir framúrskarandi árangur og var þetta þriðja árið í röð sem bankinn fær viðurkenninguna.

- Kvika var umsvifamest í viðskiptum með skuldabréf á Nasdaq Iceland á fyrri hluta árs 2016. Heildarvelta Kviku með skuldabréf nam 329 milljörðum króna eða um 22% af heildarviðskiptum tímabilsins.
- Kvika hefur undirritað samstarfssamning við tvö alþjóðleg eignastýringarfyritækni, T. Rowe Price og Wellington Management, um sölu og dreifingu á sjóðum þeirra. Þessir samningar eru til viðbótar við 12 ára samvinnu Kviku við Credit Suisse.
- Kvika rannsakaði þjóðhagslega hagkvæmni sæstrengs til Bretlands fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Skýrslan var unnin af sérfræðingum Kviku í samstarfi við Pöyry, sem er eitt virtasta ráðgjafafyrirtæki Evrópu á sviði orkumála.
- Kvika er viðurkenndur ráðgjafi Iceland Seafood International á First North markaðnum, sem er norrænn hliðarmarkaður fyrir hlutabréfaviðskipti.
- Kvika var ráðgjafi við sölu á 40% hlut í Iceland Seafood International.
- Kvika var ráðgjafi eiganda Húsafells við fjármögnun ferðaþjónustu í Húsafelli.
- Júpíter rekstrarfélag hf., dótturfélag Kviku, stofnaði tvo sjóði í sérhæfðum fjárfestingum á fyrri hluta ársins en þar á meðal var JR Veðskuldabréf I sem sérhæfir sig í kaupum á veðskuldabréfum fyrirtækja.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Atli Jónsson, forstjóri Kviku í síma 540 3200 eða 821 2051.

Kvika banki hf.

Kvika er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás Kviku er öflug eignastýring og veitir bankinn sparifjár- og innlánseigendum alhliða fjármálaþjónustu. Hjá Kviku starfar samhentur hópur 87 sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu. Forstjóri er Sigurður Atli Jónsson og formaður stjórnar er Þorsteinn Pálsson. Eignarhald Kviku er gagnsætt og er hann eini bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Nánar á: www.kvika.is.